

LÖG

um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats í Sveitarfélaginu Skagafirði er heimilt að selja ábúanda kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði jörðina Utanverðunes.

Verð jarðarinnar, mannvirkja og ræktunar á henni fer eftir því sem um semst en ella skal það ákveðið af dómkvóddum matsmönnum.

Andvirði jarðarinnar skal renna til Utanverðunesslegats. Ráðstöfun eigna legatsins, verði það leyst upp, skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, sem leitar umsagnar sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárjarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Árni Magnússon.

LÖG

um breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, nr. 74 11. júní 1938, og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. gr. laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, nr. 74 11. júní 1938, bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skilyrði 1. tölul. 1. mgr. um lögheimili hér á landi gildir ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

Við 2. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004, bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skilyrði a-liðar 1. mgr. um lögheimili hér á landi gildir ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Björn Bjarnason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996,
um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994,
um Próunarsjóð sjávarútvegsins,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 3.–5. málsl. 7. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsóknna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.